

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

um atvinnu- og nýsköpunarsjóð fyrir Norðurland vestra.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti kt. 710812-0120, hér eftir nefnt ráðuneytið og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra kt. 541292-2419, hér eftir nefnt SSNV, gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Ráðuneytið reiðir af hendi tímabundið framlag til SSNV til að efla nýsköpun og atvinnuþróun á Norðurlandi vestra. Framlagið verður 10 m.kr. á ári í þrjú ár, 2016, 2017 og 2018 með þeim fyrirvara að Alþingi samþykki greiðslur til verkefnisins síðari tvö árin.

Samningurinn byggir á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra, sbr. fjárlög 2016: {Breytingar á framlögum til málefnaflokka atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, liður 528. Nýsköpun og atvinnuþróun (*1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög*)}.

2. gr.

Samningurinn tekur mið af viðvarandi fólksfækkun og bágri stöðu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra sem m.a. lýsir sér í samdrætti í hefðbundnum atvinnugreinum og lítilli nýsköpun. Sérstaklega er horft til mikilvægis þess að byggja upp nýjar þekkingargreinar sem byggja á styrkleikum svæðisins sem hæfa ungu vel menntuðu fólki.

3. gr.

Markmið samningsins eru:

- i. Til verði ný varanleg störf í þekkingargreinum.
- ii. Ungu fólki verði gert kleift að hasla sér völl í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, t.d. með stofnun eigin fyrirtækja.

4. gr.

Framlag samningsins er viðbót við aðrar stuðningsaðgerðir stjórnvalda, t.d. Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 sem byggir á sömu markmiðum. Því er mikilvægt að SSNV leggi áherslu á að auka afrakstur þessa framlags með skýrum samlegðaráhrifum með öðrum stuðningi ríkisins.

5. gr.

Framlag ríkisins, skv. þessum samningi, skal að öllu leyti verja til vel afmarkaðra verkefna sem uppfylla markmið samningsins. Ekki skal greiða umsýslukostnað af framlaginu.

6. gr.

Árangur verkefnisins skal vera mælanlegur og hafa aðilar samningsins orðið sammála um eftirfarandi árangursmælikvarða:

Á samningstímanum (þremur árum) verði til minnst tíu varanleg störf í þekkingargreinum á Norðurlandi vestra.

Til að svo verði mun SSNV gera kröfu um að með umsókn til SSNV fylgi skýr áætlun um fjölda ársverka sem eiga að skapast vegna þeirra verkefna sem sótt er um stuðning við. Fyrir lok samningstímans mun SSNV taka saman fyrir lokaskýrslu (sbr. 8. gr.) upplýsingar um árangur þeirra verkefna sem stutt hafa verið. Upplýsingarnar skulu innihalda m.a. fjölda starfa í viðkomandi verkefni/fyrirtæki og tekjuþróun þeirra eða aðra mælanlega þætti.

7. gr.

Mats-, úthlutunar- og málsmeðferðarreglur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra sem birtar eru á heimasíðu SSNV skulu gilda fyrir styrkveitingar skv. þessum samningi, að því leyti að þær stangist ekki á við ákvæði þessa samnings

8. gr.

Greiðslur til SSNV skulu fylgja framvindu. Greiðslur verða einu sinni á ári og koma í kjölfar yfirlits frá SSNV um úthlutaða styrki. Í yfirlitinu skal vera nafn styrkþega, styrkuppþæð, stutt lýsing á verkefninu og væntingum um árangur. Ef verkefnið nær yfir meira en eitt ár skiptast greiðslur til samræmis við það. Árleg greiðsla verður 75% af áætlaðri framvindu hvers árs. Eftir yfirferð lokaskýrslu frá SSNV kemur lokagreiðsla ráðuneytisins. Í lokaskýrslu skal áhersla vera á niðurstöður og árangur.

9. gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eða túlkun hans skal hann leystur með aðkomu málamiðlara.

10. gr.

Samningurinn öðlast gildi við undirritun samningaðila og gildir til 1. júlí 2019.

Reykjavík dd.mm.yy

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

F.h. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra